

AUGLÝSING

um staðfestingu vinnureglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um sérstök framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Með vísan til a-liðar 1. mgr. 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga staðfestir innviðaráðherra hér með vinnureglur um sérstök framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Vinnureglurnar eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og taka þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 26. júní 2024.

Svandís Svavarsdóttir.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

VINNUREGLUR um sérstök framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

1. gr.

Umsókn um framlag.

Úthlutun framlaga vegna kostnaðar sem hlýst af vinnu vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögum og framkvæmd atkvæðagreiðslu samkvæmt a-lið 1. mgr. 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og a-lið 1. gr. reglna nr. 782/2020 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, skal byggja á umsókn viðkomandi sveitarfélaga. Umsókn sveitarfélaga skal fylgja ítarleg og sundurliðuð fjárhagsáætlun um áætlaðan kostnað.

2. gr.

Eðlilegur kostnaður.

Við mat á því hvað telst vera eðlilegur kostnaður við vinnu vegna undirbúnings sameiningar skal taka mið af eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðum:

- Könnun á hagkvæmni sameiningar:
Nái sameiningartillaga til tveggja sveitarfélaga greiðast 12.500.000 kr.
Séu um fleiri en tvö sveitarfélög að ræða greiðast 3.100.000 kr. fyrir hvert sveitarfélag til viðbótar.
- Kynning á sameiningartillögu:
Fast framlag að fjárhæð 2.500.000 kr. greiðist fyrir hvert sveitarfélag sem sameiningartillagan nær til.
Til viðbótar greiðast 1.240 kr. á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til.
- Framkvæmd atkvæðagreiðslu:
Fast framlag að fjárhæð 500.000 kr. fyrir hvern þéttbýliskjarna sem sameiningartillagan nær til.
Til viðbótar greiðast 620 kr. á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er heimilt að leggja til að vikið sé frá viðmiðunarfjárhæðum skv. 1. mgr. vegna einstakra umsagna ef ríkar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi að mati nefndarinnar.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi Jöfnunarsjóðs vegna vinnu starfsmanna einstakra sveitarfélaga við upplýsingagjöf til sameiningarnefnda eða starfsmanna þeirra.

3. gr.

Samþykkt umsóknar.

Jöfnunarsjóður getur samþykkt umsókn sveitarfélaga um framlag vegna undirbúnings sameiningar í heild sinni eða að hluta til. Samanlagt geta framlög skv. 2. gr. numið að hámarki 62.000.000 kr. á sameiningartillögu.

4. gr.

Skilyrði framlags.

Við uppgjör verkefnisins gagnvart Jöfnunarsjóði skal áfallinn kostnaður sveitarfélaga vegna vinnu við undirbúning sameiningar staðfestur af löggiltum endurskoðanda.

Framlag verður ekki greitt fyrir en fyrir liggur hjá sjóðnum staðfesting á áföllnum kostnaði vegna viðkomandi sameiningartillögu.

5. gr.

Viðbótarframlag.

Sveitarfélög geta sótt sérstaklega um framlag vegna kostnaðar sem féll til við undirbúning sameiningar sem ekki var gert ráð fyrir í kostnaðaráætlun sveitarfélaganna og ekki var hægt að sjá fyrir við gerð umsókna. Fer um slíka umsókn skv. 2. gr. og 3. gr.